

STARFSÁÆTLUN 2022- 2023

Leikskóladeild
Seyðisfjarðarskóla

Efnisyfirlit

Formáli	1
Inngangur	2
Skólastarfið	2
Áherslur í starfi vetrarins	3
Starfsmannamál	4
Fundir og skipulagsdagar	5
Sérkennsla	6
Foreldrasamstarf.....	6
Nemendafjöldi, árgangar og dvalartími	7
Samstarf	8
Lokaorð	9

Formáli

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahaldið. Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta skólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Inngangur

Leikskólinn á Seyðisfirði er hluti af þriggja deilda skólastofnun frá sameiningu haustið 2016. Frá þeim tíma kallast gömlu Sólvellir leikskóladeild Seyðisfjarðarskóla í takt við hinar deildir skólans sem eru grunnskóladeild og listadeild. Í leikskóladeildinni eru börn á aldrinum 1-5 ára, þeim er skipt upp í þrjá meginhópa; Álfhóll er deild eins árs barna. Vinaminni kallast deild 2-3 ára barna og Dvergasteinn er deild barna á aldrinum 4-5 ára barna. Þessum hópum er skipt eftir aldri og verkefnum í smærri einingar. Í boði er sveigjanlegur dvalartími.

Skólastarfið

Skólaárið 2021 – 2022 var með nokkuð hefðbundnum hætti þrátt fyrir að covid hafi eðlilega haft einhver áhrif á skólastarfið. Við sluppum þó nokkuð vel við smit og ekki kom nema einu sinni til þess að þyrfti að loka leikskólanum af þeim völdum. Gerð var könnun meðal foreldra um þörfina á að hafa leikskólann opinn milli jóla og nýárs og varð niðurstaðan sú að leikskólinn var opinn þessa 4 virku daga milli hátíða. Ný börn voru að tínast inn í skólann frá október og fram í maí, en alls byrjuðu 8 ný börn í skólanum á skólaárinu.

Stytting vinnuvikunnar er ákveðin áskorun. Útfærslan á styttingunni var sú að starfsmenn tóku styttingu á tveggja vikna fresti, kl. 13.50 (starfsmenn í 100% starfi). Í lok skólaársins var þessi styttingarleið endurmetin og í framhaldi af því ákveðið að næsta skólaár yrði styttingin á 3 vikna fresti og með því að starfsfólk nýti kaffitíma sína í styttinguna fara starfsmenn heim kl. 12.10.

Faglegt starf gekk vel. Lögð var áhersla á góða umönnun og öryggi allra barna og frjálsan leik. Einnig var unnið að því að börnin væru virkir þátttakendur og hlustað á hvað þau höfðu til málanna að leggja. Unnið var markvisst með Lubba sem er málörvunarefni og kennir íslensku mállhjóðin. Einnig með Blæ sem er vináttuverkefni og forvörn gegn einelti. Útivera er daglega og er yfirleitt farið út tvisvar á dag.

Við erum að vinna með uppeldisstefnuna Uppeldi til ábyrgðar en vegna mannabreytinga í stýrihópnum gengur það hægar en til stóð að koma því inn á markvissan hátt. Uppeldi til ábyrgðar er hugmyndafræði sem byggist á því að einstaklingurinn geti tekið sjálfstæðar ákvarðanir varðandi eigin hegðun. Hún er uppeldisaðferð sem byggir á því að styrkja einstaklinginn í sjálfsaga og stuðlar að jákvæðum samskiptum, hvetur til sjálfstæðrar hugsunar og þroskar jákvætt gildismat.

Starfsmannaviðtöl voru tekin í mars og apríl þar sem farið var yfir líðan starfsmanna, starfsanda, liðsheild og styrkleika. Þar kom fram að einhver óánægja var meðal starfsmanna og töldu sumir að þeim liði ekki nógu vel í vinnunni. Á þessu skólaári er áætlað að taka markvisst á þessum hlutum m.a. með aðstoð frá Ragnheiði Guðfinnu vinnstaðasálfræðingi.

Áherslur í starfi vetrarins

Helstu áherslur í skólastarfinu þetta skólaár eru svipaðar þeim sem hafa verið sl. ár en þó bætist eitthvað við. Þar má nefna að 2 starfsmenn eru núna á námskeiði til að verða ART þjálfarar sem mun án efa nýtast vel inn í skólastarfið. ART er vel afmörkuð og árangursrík aðferð til að draga úr erfiðri hegðun hjá börnum og ungu fólki sem greinst hafa með ýmis konar þroskaraskanir, ofvirkni og alvarlegar atferlistruflanir. ART hjálpar öllum að eiga árangursrík samskipti og að þekkja tilfinningar sínar.

Í leikskólanum hefst undirbúningur fyrir lestrarnám og verða áfram sérstakar stundir til að efla þann þátt inni í dagskipulagi skólans. Þar er byrjað að móta jákvæð viðhorf til læsis og bóka. Eftir því sem börnin eldast er unnið markvisst með hljóðkerfisvitund og í september, á síðasta leikskólaári barnsins, er lagt fyrir HLJÓM próf sem metur hljóð- og málvitund leikskólabarna. Einnig er unnið með TRAS listann en hann er skráningarlisti til notkunar fyrir leikskólakennara til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna. Þá verður unnið áfram með Blæ vináttuverkefnið og UTÁ.

Tónlist er áfram mikilvægur þáttur í öllu starfi skólans og samstarf við listadeild skólans mun halda áfram með elstu nemendum leikskólans ásamt því að nemendur listadeildar koma í heimsóknir í leikskólann.

Allir starfsmenn fá áframhaldandi fræðslu um Uppeldi til Ábyrgðar.

Við ætlum að halda áfram vinnu okkar sem heilsueflandi leikskóli en heilsueflandi leikskóli leggur áherslu á að vinna með átta lykilþætti sem tengjast skólastarfinu. Þeir eru: hreyfing, mataræði, geðrækt, öryggi, tannheilsa, fjölskylda, nærsamfélag og starfsfólk. Á þessu skólaári munum við vinna með nærsamfélagið.

Áhersla á samstarf við foreldra heldur áfram. Haldinn var foreldrafundur í upphafi skólaárs þar sem farið var yfir vetrarstarfið. Boðið er upp á foreldraviðtöl í febrúar auk þess sem starfsmenn eru ávallt reiðubúnir að taka á móti og hlusta á foreldra varðandi uppeldi barnanna. Helsti samskiptamáti fyrir utan dagleg samskipti er Völu kerfið.

Starfsmannamál

Hlutverk kennara felst meðal annars í því að kveikja áhuga barnanna og hvetja þau til að rannsaka sjálf viðfangsefni sín. Hann ber einnig ábyrgð á samskiptum innan barnahópsins og að skapa góðan samskiptaanda. Hann skal vera þeim góð fyrirmynd, leiðbeina þeim í samskiptum við aðra og höfða til skynsemi þeirra. Kennarinn skal leitast við að skapa lýðræðislegan anda innan barnahópsins í takt við þroska barnanna. Umhverfið á að vera vel skipulagt og sniðið að þörfum þeirra til að ýta undir sjálfstæði og virkni.

Lögð er áhersla á að starfsmenn skólans vinni sem ein heild og starfsmenn fá yfirleitt sameiginlega fræðslu. Fræðsla og umræða á skipulagsdögum er hluti af þeirri stefnu að auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni starfsmanna. Starfsmönnum gefst kostur á að sækja námskeið er varðar leikskólastarf. Starfsmannasamtöl eru einu sinni á ári eða oftar ef þörf þykir. Þar gefst starfsmönnum tækifæri til að tjá sig um eigin frammistöðu en jafnframt er þetta tækifæri til samráðs og handleiðslu.

Í leikskóladeild Seyðisfjarðarskóla eru í vetur 9 starfsmenn inni á deildum í 8,7 stöðugildum. Einnig er starfsmaður í eldhúsi í 100% starfi, 40% staða í ræstingum, staða sérkennslustjóra er 50%, staða aðstoðarleikskólastjóra 40% og skólastjóri er í 100% starfi í sameinuðum Seyðisfjarðarskóla. Deildarstjórar eru yfirmenn hvorrar deildar. Í vetur er aðstoðarskólastjóri í veikindaleyfi og ekki hefur tekist að ráða afleysingu í hans starf, sem hefur haft töluverð áhrif á starfsemi skólans.

Fundir og skipulagsdagar

Starfsmannafundir eru nýttir til undirbúnings starfsins og/eða fræðslu. Stefnt er að því að halda 30 mín. deildarfundi að degi til tvisvar í mánuði þar sem rætt er um skipulagið, starfið og börnin. Deildarstjórafundir með skólastjóra eru að jafnaði haldnir einu sinni í viku. Þar eru rædd þau mál sem eru efst á baugi og jafnframt teknar ákvarðanir um starf næstu vikna. Samráð er við sérkennslustjóra eftir þörfum og teymisfundir vegna sérkennslumála eru einnig haldnir eftir þörfum. Starfsmannafundir eru 10 á árinu að hluta til á vinnutíma starfsfólks; 8 sinnum lokar leikskólinn kl. 15 en 2 sinnum, í upphafi skólaársins og fyrsta starfsdegi eftir jólafrí opnar leikskólinn ekki fyrr en kl. 10. Starfsdagarnir eru 6 yfir skólaárið en starfsmenn vinna fjóra þeirra af sér með lengri starfsmannafundum og taka í staðinn haust – og vetrarfrí á sama tíma og grunnskóladeildin.

Skóladagatal leikskóladeildar er að finna í fylgiskjali aftast. Deildarstjórar senda út mánaðarplan um hver mánaðamót fyrir hvora deild þar sem sjá má starfsemi deildanna mánuð í senn.

Sérkennsla

Öll börn hafa rétt á að fá kennslu við hæfi. Ef barn þarfnast sérstakrar aðstoðar eru settir af stað verkferlar sem fela í sér samstarf við foreldra, ráðgjöf frá skólaþjónustu og einstaklingsnámskrá sem er endurmetin reglulega. Framkvæmd sérkennslu er á ábyrgð sérkennslustjóra. Sérkennsla fer fram í einstaklingskennslu, hópkenndu og inni á deild. Teymi er í kringum þá nemendur sem fá þjónustu frá utanaðkomandi sérfræðingum, sérkennslustjóri heldur utan um þau teymi. Einstaklingsnámskrá er búin til að hausti í samráði við foreldra og aðra teymismeðlimi og er endurskoðuð á 8 – 10 vikna fresti. Til að fylgjast með málþroska barnanna leggjum við fyrir mat á málþroska fyrir þau með sérstökum prófum, EFI og Hljóm. TRAS er skimunar tæki sem notað er til að meta þroska barna 2 – 5 ára. Það er listi sem fylgir öllum börnum nánast alla leikskólagönguna og er notaður sem alhliða skráning á þroska barnanna.

Önnur skimunartæki notum við þegar áhyggjur eru varðandi þroska, hegðun og líðan barna:

- Orðaskil, skoðar orðaforða tveggja til þriggja ára barna.
- Smábarnalistinn, metur þroska barna 18 mánaða til þriggja ára.
- Íslenski þroskalistinn, skoðar þroska barna þriggja til sex ára.

ASEBA , listi sem skoðar hegðun og líðan barna.

Foreldrasamstarf

Við viljum að allir foreldrar finni fyrir vingjarnlegu viðmóti og trausti. Samvinna foreldra og leikskóla þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu í opnum samskiptum. Upplýsingaflæði milli leikskóla og heimilis er mikilvægt og foreldrar eru alltaf velkomnir í leikskólann ásamt því að upplýsingum er miðlað í tölvupóstum eða í gegnum Völu leikskólakerfið. Mikilvægt er að foreldrar taki virkan þátt í starfi leikskólans og fylgist vel með því sem verið er að gera hverju sinni. Foreldrum er boðið að koma á ákveðnar uppákomur í leikskólann. Þessar uppákomur eru vel

Starfsáætlun 2022 - 2023

sóttar og erum við mjög þakklát fyrir það, því mikilvægt er að foreldrar gefi sér tíma til að sýna námi barna sinna áhuga.

Foreldraviðtöl eru skipulögð einu sinni á ári en foreldrar geta óskað eftir fleiri viðtölum ef þeir vilja við deildarstjóra. Einnig er hægt að fá viðtal við leikskólastjóra og sérkennslustjóra sé þess óskað. Algengast er þó að almennar upplýsingar fari fram í gegnum daglegt spjall í upphafi og lok dags.

Skólaráð er starfandi í Seyðisfjarðarskóla og fundar reglulega, um það bil einu sinni í mánuði. Fundargerðir skólaráðsins eru birtar á heimasíðu skólans. Markmið skólaráðs er að styðja við starf skólans.

Foreldrafélag er starfandi í leikskólanum og fundar reglulega en þess á milli fara samskiptin að mestu leyti fram í gegnum tölvupóst og lokaðan facebook hóp stjórnar.

Markmið foreldrafélagsins er að:

- efla samvinnu foreldra og kennara leikskólans.
- Efla samvinnu foreldra innbyrðis og tryggja hagsmuni barnanna.
- Taka þátt í ýmis konar starfsemi leikskólans og viðburðum.
- Hvetja foreldra til að taka virkan þátt í starfi leikskólans.

Allir foreldrar verða sjálfkrafa félagar um leið og barnið byrjar í leikskólanum. Aðalfundur foreldrafélagsins er haldinn á haustin ár hvert þar sem farið er yfir skýrslu stjórnar og ný stjórn kjörin sé óskað eftir því.

Nemendafjöldi, árgangar og dvalartími

Boðið er upp á 4 – 8 tíma vistun og einnig stendur foreldrum til boða að kaupa aukakort á morgnana og í lok dags. Í upphafi skólaársins er barnafjöldinn 27 og eftir áramót bætast við 3 börn. Börn fædd 2017 eru 6, börn fædd 2018 eru 5, börn fædd 2019 eru 3, börn fædd 2020 eru 8 og börn fædd 2021 eru 5.

Leikskóladeildin er lokuð á aðfangadag og gamlársdag. Skipulagsdagar eru skráðir á skóladagatal sem er afhent foreldrum í upphafi hvers skólaárs svo þeir séu vel upplýstir um starfsdaga og aðra lokunardaga. Framkvæmd skipulagsdaga er í höndum skólustjórna. Í

leikskólareglum Múlapings er reiknað með 5 vikna lokun leikskóla Múlapings nema ef foreldrar sækja um styttri sumarlokun og starfsfólk einnig.

Samstarf

Heimsóknir eru á milli leikskóladeildar og grunnskóladeildar frá október og fram í maí. Í heimsóknunum kynnast börnin húsnæði grunnskólans, starfsfólki og öðrum nemendum. Tilgangurinn er fyrst og fremst að leikskólabörnin nái að kynnast grunnskólanum á jákvæðan hátt og líti á hann sem eðlilegt framhald af leikskólanum. Fyrsta heimsókn er í október en þá sýnir skólastjóri börnunum húsnæði grunnskólans. Í framhaldi af því fara nemendur í reglulegar heimsóknir í kennslustundir með 1. og 2. bekk.

Einnig er gott samstarf við Bókasafn Seyðisfjarðar og fara börnin í heimsóknir þangað í litlum hópum. Mikið samstarf er við listadeild Seyðisfjarðarskóla en elstu börnum leikskólans er boðið upp á tónföndur vikulega og þá koma nemendur í tónlistarnámi í mánaðarlegar heimsóknir á leikskólann og spila fyrir leikskólabörnin. Þá er gott samstarf við hjúkrunarheimilið Fossahlíð en nemendur fara í reglubundnar heimsóknir þangað.

Leikskólar í Múlapingi heyra undir Fjölskyldusvið og sinnir Skólaþjónusta Múlapings sérfræðilegum stuðningi við leik- og grunnskóla í sveitarfélaginu skv. lögum um leik- og grunnskóla og reglugerð um hlutverk og markmið skólaþjónustu 2. gr.:

- Skólaþjónusta tekur annars vegar til stuðnings við nemendur í leik- og grunnskólum og foreldra þeirra og hins vegar stuðnings við starfsemi skóla og starfsfólk þeirra.
- Markmið með skólaþjónustu sveitarfélaga er að kennslufræðileg, sálfræðileg, þroskafræðileg og félagsfræðileg þekking nýtist sem best í skólastarfi.
- Skólaþjónusta skal beinast að því að efla skóla sem faglegar stofnanir sem geti leyst flest þau viðfangsefni sem upp koma í skólastarfi og veita starfsfólki skóla leiðbeiningar og aðstoð við störf sín eftir því sem við á.

Samið hefur verið við Sálstofuna um þjónustu sálfræðinga og munu þeir koma reglulega í skólana í vetur.

Starfsáætlun 2022 - 2023

Skólaþjónustan og Austurlandsteymið starfa þétt saman í því skyni að leysa farsællega úr málefnum barna og fjölskyldna þeirra.

Starfsmenn skólaþjónustu Múlaþings:

Eyrún Björk Einarsdóttir, talmeinafræðingur

Jarþrúður Ólafsdóttir, kennsluráðgjafi

Marta Wium Hermannsdóttir, leikskólafulltrúi

Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir, fræðslustjóri

Stefanía Malen Stefánsdóttir, grunnskólafulltrúi

Lokaorð

Veturinn 2021 – 2022 einkenndist af áskorunum sem tengdust m.a. covid 19 en við þurftum að gera ýmsar breytingar og aðlaganir vegna faraldursins. Við þurftum þó ekki að bregðast við með lokunum nema í 1 skipti. Í vetur erum við að fá aftur eðlilegt starfsumhverfi eftir 2 covid ár og það er mikið gleðiefni. Það sem skiptir mestu máli er að öllum líði vel, börnum og starfsfólki. Við höfum börnin í fyrirrúmi og er það okkar hlutverk að koma til móts við þau þar sem þau eru stödd og vinna út frá því. Leikskólinn á að vera staður þar sem börnin eru örugg og geta notið sín í leik og starfi.

